

Nd.

49. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogli.

1. gr.

Í 2. gr. laga um vegi 22. nóv. 1907 skal bætt flutningabraut frá Búðardal í Hvammsfirði til Borðeyrar í Hrútafirði.

2. gr.

Annan tölulið í 3. gr. sömu laga skal orða svo:

Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttubrekku, Sökkólfsdal, Miðdali, Breiðamel, milli Saura og Sauðhúsa, Búðardal og þaðan inn svo nefnt Land, fyrir neðan Ljárskóga að Fáskrúð, um Hvammssveit, Svínadal og Saurbæ, kring um Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.